

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar

Stjórnarfundur haldinn í gegnum Teams fjarskiptabúnað, þriðjudaginn 6.10.2020, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS). Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir:

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir eftirfarandi funda voru teknar fyrir til samþykktar:

Aðalstjórnarfundur 11. ágúst 2020

Félagsráðsfundur 1. sept 2020

Aðalstjórnarfundur 22. sept 2020

Niðurstaða: allar

fundargerðir voru samþykktar með breytingatillögum SG og IHR.

2. Áhrif Covid-19 á starfsemi félagsins

ÁIP fór yfir áhrif útbreiðslu þriðju bylgju Covid-19 á starfsemi félagsins undanfarna daga en viku fyrir fundinn voru alls 150 iðkendur félagsins settir í sóttkví af Almannaörunum vegna smits sem kom upp í æfingahópi innan félagsins. Í framhaldi af því var farið í að hópaskipta flokkum meira til að sporna við blöndun iðkenda og lágmarka hóp iðkenda sem þyrftu að fara í sóttkví ef sú staða kæmi upp aftur að smit greindist í æfingahópi. Allir starfsmenn skrifstofu hafa fengið tilmæli um að vinna heima á meðan bylgjan er í hámarki. Eins er ljóst af tilmælum sóttvarnarlæknis að yfirvofandi er tilskipun um stöðvun á öllu íþróttastarfi næstu tvær vikurnar en félagið fylgir þeim tilmælum sem berast frá heilbrigðisráðherra og forrystu íþróttahreyfingarinnar hverju sinni.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. Fjármál a. Staðfesting á úthlutun Covid-19 bóta

Boðað var til aukafundar aðalstjórnar þann 22. sept síðastliðinn til að fara yfir tillögur fjárhagsráðs aðalstjórnar á skiptingu á styrk frá ríkissjóði/ÍSÍ vegna áhrifa Covid-19 á starfsemi íþróttafélaga. Farið var yfir hugleiðingar stjórnarmanna frá þeim fundi og eftirfarandi niðurstaða færð til bókar:

Niðurstaða:

Aðalstjórn hefur tekið ákvörðun um að úthluta 15,6 milljóna kr. styrk ríkisins/ÍSÍ til Stjórnunnar skv. úthlutun 1 með eftirfarandi hætti:

- Útdeila 75% fjárhæðar byggt á þeim forsendum sem lágu til grundvallar styrkveitingar ÍSÍ til Stjórnunnar, þ.e. skv. iðkendafjölda á aldrinum 6-18 ára.

- Útdeila 25% fjárhæðar byggt á mati deildanna á töpuðum tekjum vegna Covid-19 um miðjan júní, þó að teknu tilliti til styrkveitingar ÍSÍ í úthlutun 2.

Ekki verður hróflað við fjárhæðum í úthlutun 2, enda sú úthlutun eyrnamerkt einstökum deildum.

Sérhver deild tekur ákvörðun um skiptingu styrks milli mismunandi hópa innan sinna deilda. Stefnt er að því að skipta styrknum bókhaldslega milli ára 2020 og 2021, þ.e. tekjufærslu verði dreift á nokkra mánuði. Varúðarsjónarmið liggja þar að baki, þar sem búast má við að áhrif vegna Covid-19 muni vara inn á næsta ár og ekkert liggur fyrir um frekari styrkveitingar. Útfærsla verði unnin í samráði við endurskoðanda félagsins og byggi á samþykki hans.

b. Fjárhagsstaða félagsins

BS fór yfir 8 mánaða uppgjör félagsins í heild, deilda og hveirrar einingar fyrir sig, ásamt því að fara í gegnum útkomuspá fyrir afreksflokka félagsins. Rekstur barna- og unglíngastarfs félagsins er í jafnvægi og eins staða aðalstjórnar. Neikvæður rekstur er á vallarsjóði en töluverður aukakostnaður hefur safnast upp vegna aukins hreinlætiskostnaðar og annars viðbúnaðar sem nýjar reglugerðir gera kröfu um v/Covid-19. Rekstur afrekshópa félagsins er í járnnum og ljóst að áhrif Covid-19 næstu vikur geta haft mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu þessara flokka í lok árs.

c. Staða framkvæmda í TM höllinni

Heildarkostnaður við Led skilti og uppsetningu í TM höllinni er nú áætlaður um 14 milljónir króna m/VSK, en þó að teknu tilliti til þess að áætlun vegna vinnu rafvirkja við tengingar á skjám við hliðarlínu vallar liggur ekki fyrir. Af fyrrgreindum kostnaði hafa u.þ.b. 13 milljónir króna þegar fallið til en áætlun vegna uppsetningar á skjám við hliðarlínu hljóðar upp á rétt rúma eina milljón króna. SG hefur óskað eftir við forsvarsmenn hkd að fastverðstilboð verði fengið í þá vinnu sem enn á eftir að vinna vegna skjáa við hliðarlínu. Svar er komið frá RSK en félagið getur ekki fengið VSK endurgreiddan í gegnum „Allir vinna“ átakið þar sem félagið er ekki eigandi húsnæðisins.

4. Staða á samtali við Garðabæ

Farið var yfir fund sem ÁÍP, SG, IHR og BS áttu með meirihluta Garðabæjar þann 1. okt síðastliðinn, þar sem kynnt voru framtíðarsýn félagsins og beiðni til Garðabæjar í tengslum við nýja fjárhagsáætlun. Var það einróma álit fulltrúa Stjórnunnar á fundinum að kynningin hafi gengið vel.

Næstu skref eru að send verða formleg erindi til bæjarins.

5. Þjónustusamningur við Sportland

Mikil óánægja hefur verið meðal félagsmanna Stjórnunnar með þjónustu Sportlands. Beinist gagnrýni félagsmanna einkum að óreglulegum opnunartíma, skorti á vörum og að pantanir berist seint og illa. Eins hefur ÁÍP óskað eftir viðbrögðum frá Sportlandi varðandi sölu á nýjum félagsgalla og tilboðum á vörum sem hægt væri að tengja við jólasölu. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hafa hins vegar hvorki fengist svör við þessum spurningum né virðist áhugi á að hrinda slíkum í framkvæmd.

Niðurstaða: Þó þarf forsvarsmenn Sportlands á fund með aðalstjórn til að fara yfir stöðu mála því núverandi staða er ekki boðleg.

6. Umsóknir í Afrekssjóð a. Beiðni lyftingadeildar

Karlalið Stjórnunnar varð Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum um helgina ásamt því að ná þremur titlum í einstaklingsgreinum. Lyftingadeild sækir um eftirfarandi styrki vegna þessa:

1. Fyrir Íslandsmeistaratitil í hópgrein: 1.000.000- kr. (liðakeppni karla).
2. Fyrir Íslandsmeistaratitil í opnum flokki -120kg: 50.000- kr. (Aron Friðrik Georgsson)
3. Fyrir Íslandsmeistaratitil í drengjaflokki -74kg: 50.000- kr. (Tómas Bragi Þorvaldsson)
4. Fyrir Íslandsmeistaratitil í stigakeppni drengjaflokka:: 50.000- kr. (Tómas Bragi Þorvaldsson)

Niðurstaða:

Styrktarbeiðni 1 er hafnað á þeim forsendum að kraftlyftingar eru skilgreindar sem einstaklingsþrótt og fellur því liðakeppni í kraftlyftingum ekki undir reglugerð Afrekssjóðs sem á einungis við um skilgreindar hópþróttir.

Styrktarbeiðni 2 fyrir Íslandsmeistaratitil í opnum flokki að upphæð 50.000kr. er samþykkt.

Styrktarbeiðni 3-4 er hafnað á þeim forsendum að Afrekssjóður styrkir aðeins starf á meistaraflokkastigi en ekki í yngri flokkum og ekki hefur tíðkast að veita fjárhagsstyrki fyrir afrek í yngri flokkum.

Aðalstjórn tók ákvörðun um að styrkja lyftingadeild um eina milljón króna til að mæta tækjakaupum fyrir deildina, m.a. þar sem meistaraflokkar annarra deilda félagsins fá afnot af aðstöðu og búnaði deildarinnar..

b. Beiðni mfl körfubolti kk

Stjórn kkd Stjórnunnar óskar eftir því að fá úthlutað afreksstyrk fyrir mfl karla eins og félagið hefði orðið Íslandsmeistari, en liðið endaði deildakeppnina í efsta sæti og var útnefnt deildarmeistari.

Stjórn kkd óskar því eftir úthlutun á afreksstyrk upp á 1.000.000 kr. Til vara er óskað eftir hálfum styrk.

Niðurstaða: Óumdeilt er að Stjarnan vann til stærstu verðlauna sem hægt var að vinna til í körfuknattleik karla á síðasta tímabili og varð deildarmeistari eftir að tímabilið var blásið af vegna Covid-19. Aðalstjórn fellst því á beiðni körfuknattleiksdeildar og samþykkir vegna sérstakra aðstæðna að veita mfl kk í körfubolta afreksstyrk að fjárhæð ein milljón króna.

c. Beiðni mfl körfubolti kvk

Forsvarsmenn mfl kvk í körfubolta hafa óskað eftir styrk að fjárhæð 2,5 milljónir króna úr Afrekssjóði sem aðstoð við að byggja aftur upp mfl kvk en flokkurinn var lagður niður sumarið 2019.

Niðurstaða: Aðalstjórn tekur jákvætt í að aðstoða körfuknattleiksdeild við að endurvekja mfl kvk. Áður en erindi þetta er afgreitt óskar aðalstjórn hins vegar eftir að formaður deildarinnar, formaður mfl ráðs kvk og þjálfari flokksins mæti á næsta aðalstjórnarfund og kynni framtíðarstefnu og markmiðasetningu flokksins til næstu ára.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 20:10 – ritað ÁÍP